



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 13. október 2020
SFS2020080233
195. fundur
HG/sv/fbj

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðaráætlanir grunnskóla fyrir nám og kennslu á tímum Covid-19

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn.

Er til formlegt aðgerðarplan um það hvernig staðið verði að kennslu og námi grunnskólanema í Reykjavík ef til lokunar skóla eða skerts skólahalds kemur vegna kórónuveirusmits?

Svar:

Covid-19 hefur kallað á mikla og skapandi endurskoðun á þeim leiðum sem mögulegt er að fara til að skerða sem minnst nám og kennslu komi upp smit eða sóttkví í skólastarfi. Til að styðja betur við skólana í þessu nýja og hreyfanlega náms- og kennsluumhverfi hefur skóla- og frístundasvið útbúið sérstakan gátlista fyrir gerð viðbragðsáætlunar fyrir hvern skóla til að vera betur undir það búnir að breyta kennsluháttum úr staðnámi í sveigjanlegt nám studdu af neti (e. *hybrid learning*). Ekki er um miðlæga viðbragðsáætlun að ræða heldur er gert ráð fyrir að hver skóli útbúi sína viðbragðsáætlun með tilliti til aðstæðna en þær eru mjög ólíkar á milli skóla. Á sama tíma getur þannig verið um að ræða hefðbundið staðnám í húsi, nám stutt af neti og alfarið fjarnám. Leiðarljósið í öllu starfinu er að nám og kennsla raskist sem allra minnst. Gátlista og stuðning við nám stutt af neti er að finna á vefsíðunni [Nám í Reykjavíkurborg stutt af neti](#)

Í viðbragðsáætluninni kemur meðal annars fram hvernig skólarnir skulu kortleggja stöðu hvers nemanda, m.a. út frá aðgengi að tækjum og búnaði, aðstöðu á heimili og hvers konar stuðning barnið þarf. Þá skal þess sérstaklega getið að haft sé samband við hvert barn daglega sem er heima vegna Covid aðgerða. Sérstaklega skal hugað að nemendum í viðkvæmri stöðu, s.s. nemendum með kvíða, nemendum í neyslu og nemendum með annað móðurmál en íslensku. Þá skulu skólarnir hafa yfirsýn yfir færni nemenda til að nýta sér nám stutt af neti og hversu mikinn stuðning nemendur geta fengið heima við. Viðbragðsáætlunin skal tiltaka hver er UT-tengiliður skólans og hvert kennarar geta leitað þurfi þeir á aðstoð að halda við að byggja upp hæfni sína til að sinna námi og kennslu studdu af neti enn betur.

Leiðarljósið skal ætíð vera það að enginn nemandi verði útundan, að námslegri framvindu sé viðhaldið og skapandi lausna sé leitað til að halda virkni nemenda og virkri þátttöku þeirra í skólastarfinu. Það er hægt að gera með fjölmörgum leiðum sem byggja á þeim björgum sem tiltækar eru á hverjum stað, hugmyndaauði kennara og þekkingu þeirra.

Gátlisti fyrir gerð viðbragðsáætlunar vegna náms studdu af neti

1. Leggja skal áherslu á að kennarar vinni saman í teyllum í lausnaleit og skapandi kennsluháttum. Skólastjórnendur skulu skilgreina teymin út frá þekkingu og hæfni til að nýta stafrænar leiðir í skólastarfi. Markmiðið er að styrkja jafningjamiðlun og auka færni allra í nýtingu náms og kennslu á stafrænan hátt.
2. Allir kennarar skulu hafa aðgengi að eigin fartölvu til að tryggja að þeir geti unnið utan skólans komi til lokunar skóla tímabundið vegna Covid.
3. Skilgreina skal hvert kennarar geta leitað eftir stuðningi vilji þeir auka þekkingu sína á nýjum leiðum í námi studdu af neti. Má þar nefna menntastefnuvefinn www.menntastefna.is og þjónustu Nýsköpunarmiðju menntamála SFS (Nýmið).
4. Tilgreina skal sérstakan tengilið eða teymi innan skólans sem allir starfsmenn geta leitað til varðandi aðstoð við notkun upplýsingatækni í námi og kennslu.
5. Upplýsa skal kennara um þann stuðning sem þeir geta fengið utan skólans, s.s. hjá upplýsingatæknideild (UTR) og ráðgjöfum af skóla- og frístundasviði.
6. Samskipti og upplýsingamiðlun milli skóla og heimila er lykilatriði í sveigjanlegu námi studdu af neti. Mikilvægt er að kennarar/stjórnendur haldi áfram að nota tölvupóst, vikupósta, símtöl eða aðrar leiðir til að miðla og vera í sambandi við nemendur/fjölskyldur. Ef það hefur ekki verið reglan er góður kostur að koma á reglulegri upplýsingamiðlun.
7. Koma þarf verkfærum (s.s. námsbókum, stílabókum, ritföngum) til nemenda sem ekki hafa aðgang að slíku.
8. Tryggja skal að nemandi hafi aðgang að viðeigandi tæknibúnaði heima, tölvu eða snjalltæki. Sé slíkt ekki mögulegt skal skólinn útvega tæki til láns.
9. Ganga skal úr skugga um að nemandi hafi aðgengi að neti heima. Ef slíkt er ekki fyrir hendi skal leita aðstoðar UT ráðgjafa á Nýsköpunarmiðju SFS.
10. Hver nemandi skal hafa skilgreindan tengilið úr skólanum (*umsjónarkennara eða annan*) sé hann fjarverandi frá skóla. Ef áhyggjur vakna af stöðu nemandans skal tengiliður vera í sambandi við foreldra/forráðamenn og eftir atvikum nemendaverndarráð.
11. Tryggja skal að haft sé samband við hvern einasta nemanda á hverjum virkum degi í fjarveru hans frá skóla. Það er hægt að gera með því að nota t.d. skólalausnir Google (s.s. Google Meet og Google Classroom) eða með símtali, eftir aðstæðum.
12. Gæta þarf sérstaklega að aðstoð við þá nemendur sem gætu þurft námslegan og félagslegan stuðning. Hægt er að leita til miðlægrar stoðþjónustu s.s. brúarsmiða Miðju

Máls og læsis, kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum og sérkennslufulltrúa á fagskrifstofu SFS

13. Ef kemur til lokunar skóla vegna smita eða sóttkvíar og nauðsynlegt reynist að flytja nám og samskipti yfir á net eða í annað form þarf að skipuleggja námið út frá aðstæðum hverju sinni. Sveigjanlegt nám með stuðning af neti snýst ekki um að yfirfæra hefðbundna skólaumhverfið inn í rafrænt umhverfi.
14. Í sveigjanlegu námi studdu af neti skal halda eins mikið og mögulegt er í hæfniviðmið sem lögð hafa verið til grundvallar í kennsluáætlunum skólaársins. Verði breytingar á þeim skal upplýsa bæði nemendur og forráðamenn um það.
15. Gera þarf áætlun um hvernig haga skal námsmati með tilliti til sveigjanlegs náms. Mikilvægt er að sýna skilning við verkefnavinnu og taka tillit til mismunandi aðstæðna barna þegar kemur að námslegum stuðningi heima fyrir.
16. Huga þarf að fjölbreyttum kennsluháttum og leggja áherslu á skapandi verkefni sem geta aukið gleði nemenda og gert nám fjarri skólanum eins gefandi og innihaldsríkt og mögulegt er. Mikilvægt er að hafa áherslur menntastefnunnar að leiðarljósi þar sem fagmennska og samstarf setja barnið sem virkan þátttakanda í öndvegi.